

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 269/1973, um mjólk og mjólkurvörur.

1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr liður er verði 3. tl. og orðist svo:

1.3. Í léttmjólk skal vera mest 2,5% og minnst 0,5% mjólkurfita.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. og lög nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. október 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á loðnuafurðum fyrir tímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

Loðnumjöl, \$ 8,15 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 445,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði af mjölinu en 50% af lýsinu.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. október 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.